

Ed.

337. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um rannsókn mómyra.

Frá þjargráðanefnd.

Nefndin hefir athugað tillögu þessa, sem komin er frá hv. neðri deild.

Hún er sammála um það, að rjett muni vera að gera eitthvað í þessu máli, og að þá sje að sjálfsögðu rjett að byrja á því að rannsaka, hvort vjer eigum mýrar, sem tiltækilegt sje að reka á móiðnað í stórum stíl, með nýjustu og bestu aðferðum. En það dylst nefndinni heldur ekki, að fjárhagur landsins er ekki svo sterkur nú, að gerlegt sje að leggja ótakmarkað fje að þessu sinni til þessara rannsókna, og því síður, að vjer sjeum færir um að hrinda stórkostlegum móiðnaði á stað, hvort heldur væri með verulegum styrk eða lánveitingu.

Nefndin vill því að eins veita fje til rannsóknarinnar og setja þeirri fjárveitingu takmörk, sem sjeu í samræmi við fjárhag vorn nú, enda þótt skeð geti, að meira fje þurfi til þess, að rannsóknin geti talist viðtæk og ítarleg; en þá er líka hægt að bæta við síðar.

Nefndinni þótti rjett að binda fjárveitinguna ekki að eins við Faxaflóa, enda þótt hún búist við, að fyrstu rannsóknirnar verði gerðar þar.

Nefndin hefir því fallist á eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Tillagan orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að verja allt að 3000 krónum til rannsókna á mómýrum á þeim stöðum, er líklegastir þykja til þess, að móiðnaður verði rekinn á síðar.

Frekari grein fyrir breytingunni má gera í framsögunni.

Alþingi, 10. júní 1918.

Guðjón Guðlaugsson,
form. og ritari.

Sigurjón Friðjónsson,
fundaskrifari.

Guðm. Ólafsson.

M. J. Kristjánsson.